

Reykjavík, 2. október 2019

**Brot fjárfestingarsjóðs í rekstri Júpíters rekstrarfélags hf. gegn 1. mgr. 39. gr., sbr. 1. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011**

Fjármálaeftirlitinu barst tilkynning frá Júpíter rekstrarfélagi hf. þann 8. mars 2019 þess efnis að fjárfestingarsjóður í rekstri félagsins hefði farið út fyrir fjárfestingarheimildir 1. mgr. 39. gr., sbr. 1. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 um verðbréfasjóði, fjárfestingarsjóði og fagfjárfestasjóði þann 7. mars 2019. Í 1. mgr. fyrrgreinds lagaákvæðis er tiltekið að fjárfestingarsjóðum sé heimilt að fjárfesta í hlutdeildarskírteinum annarra verðbréfasjóða og annarra sjóða um sameiginlega fjárfestingu. Þó er þeim ekki heimilt að binda meira en 20% af eignum sínum í hlutdeildarskírteinum einstakra verðbréfasjóða eða fjárfestingarsjóða. Brotið varð vegna misskilnings sjóðsstjóra og bakvinnslu.

Júpíter rekstrarfélag hf. gerði þegar ráðstafanir til úrbóta þannig að sjóðurinn yrði innan heimilda samkvæmt lögum nr. 128/2011 11. mars, næsta virka dag eftir að brot átti sér stað.

Fjármálaeftirlitið komst að þeirri niðurstöðu að umræddur sjóður hefði gerst brotlegur við 1. mgr. 39. gr., sbr. 1. mgr. 59. gr. laga nr. 128/2011 með því hafa fjárfest umfram 20% af eignum sínum í sama verðbréfasjóði.

Með hliðsjón af atvikum málsins taldi Fjármálaeftirlitið ekki tilefni til að beita Júpíter rekstrarfélag hf. viðurlögum í málinu.